

## **Minnisblað til bæjarráðs**

### **Frá Umhverfis og framkvæmdanefnd**

#### **Breyting á nýtingu framkvæmdafé í göngustíga 2020**

---

Umhverfis og framkvæmdanefnd Ísafjarðarbæjar fer fram á heimild Bæjarráðs til að nýta fé af framkvæmdaáætlun 2020 sem ætlað er til nýframkvæmda göngustíga í sveitarfélaginu, til þess að endurbyggja áningastað í miðjum Snjóflóðarvarnargarðinum á Flateyri. Áætlað er að endurhanna áningarstaðinn og búa til samfellda ásýnd frá miðju svæðisins upp hlíðina að útsýnisskífu með því t.d. að setja nýja bekki meðfram núverandi göngustíg, gróðursetja tré og runna, helluleggja, mála og endurnýja jarðvega að hluta í núverandi göngustíg.